Ed. **114. Breytingartillaga** [66. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við lögin bætist ný grein, er verði 17. gr. og orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að kr. 100 000 000.00 — eitt hundrað milljónum króna — eða tilsvarandi fjárhæð í erlendum gjaldeyri og endurlána þau Ríkisútvarpinu til að koma upp sendistöðvum sjónvarps.

Ef hentara þykir, getur útvarpsstjóri fyrir hönd Ríkisútvarpsins tekið lán þau, er um ræðir í 1. mgr., og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin fyrir hönd ríkissjóðs.